

**EKKO áætlun – nemendur FAS 2024**

<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
Einelti .....	3
Kynferðisleg áreitni .....	3
Kynbundin áreitni .....	3
Ofbeldi .....	3
Hlutverk stjórnanda .....	3
<b>Forvarnir</b> .....	<b>5</b>
<b>Áætlun um aðgerðir</b> .....	<b>5</b>
Mikilvægi orða .....	5
Óformleg málsmeðferð .....	6
Formleg málsmeðferð .....	6
Trúnaður .....	7
Tilkynningar .....	7
Skráning og upplýsingagjöf .....	7
FORELDRAR/FORRÁÐAMENN .....	8

## Inngangur

### Einelti

Einelti er síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir. Einelti getur verið líkamlegt og/eða andlegt og getur jafnt birst í gegnum bein samskipti og í gegnum netmiðla (t.d. Facebook, Instagram, TikTok og Snapchat).

### Kynferðisleg áreitni

Kynferðisleg áreitni er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.

### Kynbundin áreitni

Kynbundin áreitni er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

### Ofbeldi

Ofbeldi er hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis.

\*[myndband frá Vinnueftirlitinu](#) um forvarnir og viðbrögð við einelti, áreitni og ofbeldi í vinnuumhverfinu.

### Hlutverk stjórnanda

Stjórnendur gegna mikilvægu hlutverki við að reyna að koma í veg fyrir alvarleg vandamál eins og áreitni og einelti.

- Þeir verða að vera viðbúnir að **bregðast við** án tafar ef slík mál koma upp.
- Þeir verða að **sýna gott fordæmi**, hvetja til **opinna samskipta**, gera áætlun um forvarnir og viðbrögð, veita upplýsingar og bregðast við aðstæðum sem upp geta komið.
- Þeir verða að skoða ábendingar og kvartanir frá starfsfólki með **varfærni** og af **virðingu**, ásamt því að vera **sýnilegir og styðjandi**.

Lög nr. 46/1980 innihalda reglugerð sem kveður á um skyldu atvinnurekanda til að gera sérstakt áhættumat á áhættuþáttum eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis á vinnustaðnum og í kjölfarið búa til stefnu og viðbragðsáætlun sem kynna á sérstaklega fyrir starfsfólki. Viðbragðsáætlun felur í sér hvernig starfsmenn geti tilkynnt um þessa hluti og hvaða ferli þá fer í gang. Atvinnurekandi skal gera starfsfólki það ljóst að slík hegðun er óheimil á vinnustað.

Finnist starfsfólki það ekki fá viðeigandi úrlausn mála hafi það kvartað undan einelti, áreitni eða ofbeldi á vinnustað er hægt að senda ábendingu til Vinnueftirlitsins með því að fylla út form á vef þeirra.

**Á heimasíðu skólans er tilkynningahnappur þar sem hægt er að senda ábendingar/tilkynningar. Samtöl og tilkynningar eru skráð og farið með þau sem trúnaðargögn (skv. verklagsreglu og eyðublaði).**

Ef efasemdir vakna um viðbrögð skólans er mögulegt að hafa samband við fagráð eineltismála hjá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Þar er grennslast fyrir um stöðu mála í skólanum og fylgt því eftir ef ekki hefur verið brugðist rétt við. Það er sjálfsagt að láta vita oftár en einu sinni vegna sama máls/sömu einstaklinga ef einelti, áreitni eða ofbeldi heldur áfram.

## Forvarnir

Það er í samræmi við stefnu FAS um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi að vinna ötullega að forvörnum í málaflokknum. Ofbeldisforvarnirnar miða að því að í FAS ríki menning virðingar og jafningjasamskipta þar sem ofbeldi og áreitni fær ekki þrífist.

Tekið skal mið af ólíkum þörfum og aðstæðum kynjanna og mismunandi einstaklinga og hópa, svo sem fatlaðra, hinsegin og þeirra sem hafa annað móðurmál en íslensku. Skólameistari ber ábyrgð á að þessi vinnuregla sé höfð í heiðri.

Allt starfsfólk skal fá fræðslu á vegum skólans um málaflokkinn. Starfsfólk er hvatt til að sækja námskeið og símenntun í tengslum við einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi.

Nemendur fá fræðslu um mismunun og fordóma, þar á meðal um kynbundið ofbeldi og áreitni og meðal annars í kynjafræðiafanga sem kenndur er við skólann. Í áfanganum er fjallað um ólíkar mismunabreytur eins og holdafar, uppruna og kynhneigð. Virðing og mörk eru meðal þess sem er tekið fyrir. Í félagsfræði er sérstaklega fjallað um kynþáttafordóma, umburðarlyndi og fjölbreytileika.

## Áætlun um aðgerðir

EKKO stefna Framhaldsskólans í Austur- Skaftafellssýslu er að; einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi eigi sér ekki stað í skólasamfélaginu. Komi upp grunur um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi innan skólans skal ávallt brugðist við eins fljótt og hægt er. Þessi áætlun snýr að nemendum en önnur áætlun er í gildi fyrir starfsfólk.

### Mikilvægi orða

Trúnaður, traust, virðing, varfærni, hæfni og hugrekki eru þau gildi sem unnið er eftir í EKKO málum í FAS. Bæði nemendur og starfsfólk eiga að hafa þau að leiðarljósi.

**TRÚNAÐUR:** Starfsfólk ræðir ekki um persónuleg mál við aðra en þá sem þau varða. Ekki eru fleiri dregnir í mál en nauðsynlegt er. Ávallt er upplýst ef rjúfa þarf trúnað til að tilkynna mál. Einnig ef ræða á við fleiri aðila til samstarfs eða til að kanna mál.

**TRAUST:** Brugðist er við öllum ábendingum og tilkynningum. Samráð er haft um aðgerðir sem gripið er til. Sérstaklega er mikilvægt að þau sem upplifa að á þeim sé brotið séu höfð með í ráðum. Látið er vita af einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða ofbeldi.

**VIRÐING:** Umhyggja fyrir öllum aðilum. Hlustum á ólík sjónarmið og reynum ekki að stjórna upplifunum fólks. Virðum óskir aðila og ólíkar þarfir, eftir fremsta megni.

**VARFÆRNI:** Sýnum þolinmæði og vörumst fljótfærni. Mál eru könnuð áður en brugðist er við. Viðbrögð eru stigvaxandi og í samræmi við tilefnið.

**HÆFNI:** Þekking á birtingarmyndum og réttum viðbrögðum. Forvarnir eru forgangsbærar, vel skipulagðar og metnaðarfullar. Unnið er eftir skýrum verklagsreglum og handbók.

**HUGREKKI:** Tökum ábyrgð á eigin hegðun, lítum í eigin barm, setjum mörk og virðum mörk. Stöðvum neikvæða hegðun, tökum erfiðu samtölin, hættum á að gera mistök eða vera misskilin. Tökumst á við málin þó það sé átak og jafnvel sársaukafullt á meðan á því stendur, frekar en að leyfa ástandinu að viðgangast eða stigmagnast áfram.

### Óformleg málsmeðferð

Hvort sem mál fara formlegan eða óformlegan farveg þá er markmiðið alltaf að skapa öryggi, styðja við góð samskipti og koma í veg fyrir að einelti, áreitni og ofbeldi viðgangist í skólanum. Það er gert með trúnað, traust, virðingu, varfærni, hæfni og hugrekki að leiðarljósi. Óformlega leiðin krefst þess ekki að fleiri séu settir inn í málið nema nemandi óski eftir því eða í góðu samráði við hann. Ef um félagslegt óöryggi eða einangrun er að ræða þá getur stuðningur náms- og starfsráðgjafa, umsjónarkennara eða sálfræðings verið úrræði sem eiga við. Mál geta verið óformleg á fyrstu stigum og færst svo yfir í formlegan farveg ef við á.

### Formleg málsmeðferð

Ef tilkynnandi/brotþoli óskar eftir því fer málið strax í formlegan farveg (ef það á við). Einnig í alvarlegri tilvikum, en alltaf er leitast við að leyfi nemandans liggi fyrir áður en mál fer í formlegan farveg. Formleg málsmeðferð felur í sér könnun máls (rætt við aðila sem eiga hlut að máli) aðkomu samskiptaráðs sem kannar málavexti/málsatvik og ræðir við hlutaðeigandi aðila og finnur málinu réttan farveg í samráði og samkvæmt lögum.

\* í samskiptaráði FAS sitja skólameistari, aðstoðaskólameistari, náms- og starfsráðgjafi og aðrir eftir þörfum).

Í formlegri málsmeðferð skapast forsendur til beinna eða skýrari aðgerða, sem geta sem dæmi falist í; tiltali, tilmælum, áminningum, fundum, aðstoð og fræðslu og eftirfylgni. Eftirfylgni og skráningar eru meiri í formlegu máli.

### Hlutverk og ábyrgð

Náms- og starfsráðgjafi, jafnréttisfulltrúi, aðstoðarskólameistari eða skólameistari sitja í EKKO teymi FAS. Náms- og starfsráðgjafi fer alla jafna fyrir teyminu. Ef einhver telst vanhæfur (of tengdur) kemur sá aðili ekki að málsmeðferð. Einnig er tekið tillit til þess ef aðilar máls óska eftir að tiltekinn starfsmaður komi ekki að meðferð máls. Allt starfsfólk skólans, sem og nemendur, bera ábyrgð á að tilkynna ef grunur vaknar. Öllum ber að taka

skýra afstöðu gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi ef þau verða vitni að slíku.

málin eru meðal annars unnin í samræmi við:

- [Lög um jafnan rétt og jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020](#)
- [Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum nr. 326/2016](#)
- [Þingsályktun nr. 37/150 um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kyndbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árið 2021-2025.](#)
- [Barnaverndarlög nr. 80/2002](#)

Trúnaður

Í EKKO málum í FAS ríkir TRÚNAÐUR: Starfsfólk ræðir ekki um persónuleg mál við aðra en þá sem þau varða. Ekki eru fleiri dregnir í mál en nauðsynlegt er. Ávallt er upplýst ef rjúfa þarf trúnað til að tilkynna mál. Einnig ef ræða á við fleiri aðila til samstarfs eða til að kanna mál. Það skal gert í sem bestu samráði við þolanda og í samræmi við það verklag sem lýst er í þessu skjali. Þagnarskylda starfsmanna framhaldsskóla fer eftir X. kafla stjórnssýslulaga ([lög um framhaldsskóla nr. 92/2008](#)).

Tilkynningar

Samkvæmt lögum um barnavernd (nr. 80/2002) þá er öllum almenningi skylt að tilkynna til barnaverndarþjónustu ef grunur vaknar um að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu.

Hlustun og skráning er mikilvæg en varast ber að spyrja út í einstaka atriði eða spyrja leiðandi spurninga. Málsatvik eru skráð. Haft er samband við viðeigandi aðila, ef það á við. Áfram unnið í málinu innan skólans samkvæmt verklagsreglu um óformlega og formlega málsmeðferð. Markmiðið er að tryggja velferð og öryggi allra hlutaðeigandi, veita aðstoð, vísa í úrræði o.s.frv.

Skráning og upplýsingagjöf

Starfsfólk sem fær ábendingu, vísbendingu eða tilkynningu um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi skal skrá það hjá sér (sjá skráningareyðublað trúnaðarmála). Þegar um óformlega málsmeðferð er að ræða er skráningareyðublaðið einungis hjá viðkomandi starfsmanni en fari mál í formlegan farveg afhendast skráningar þeim sem heldur á málinu og eru vistaðar í málakerfi skólans (með öruggri aðgangsstýringu).

Stuðningsaðili í óformlegri málsmeðferð skal láta námsráðgjafa, gæðastjóra eða skólameistara vita (með lágmarksupplýsingum) svo málið fari á skrá yfir EKKO mál (í læstu skjali í málakerfi skólans). Með leyfi nemandans má nafn fylgja en ef um óformlegt mál er að ræða má skrá það með nafnleynd. Upplýsingar um mál eru veittar að teknu tilliti til persónuverndar. Í sumum tilvikum er heimilt að takmarka aðgang að gögnum, t.d. ef þau

hafa jafnframt að geyma upplýsingar um einkamálefni annarra (sbr. 3. mgr. 14. gr. upplýsingalaga).

Stuðningsaðilar í óformlegri málsmeðferð deila upplýsingum og ráða ráðum sínum með öðrum starfsmönnum ef þess gerist þörf, en aðeins að höfðu samráði við tilkynnanda. Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að ráðfæra sig við t.d. náms- og starfsráðgjafa, jafnréttisfulltrúa, sálfræðing, barnavernd eða [fagráð eineltismála](#) án þess að nefna nöfn.

Þegar um formlega málsmeðferð er að ræða - þ.e. námsráðgjafi og jafnréttisfulltrúi ásamt þriðja aðila sem ákveðinn er hverju sinni (t.d. kennari, umsjónarkennari, skólameistari, aðstoðarskólameistari). Sé starfsmaður vanhæfur í máli (er t.d. skyldmenni eða sjálfur meintur gerandi) tekur viðkomandi ekki þátt í málsmeðferð.

Hlutverk þessa teymis er að meta stöðuna og hafa samráð um næstu skref hverju sinni. Upplýsingagjöf innan teymis tekur mið af hag þolanda og trúnaður ríkir um það sem fram fer. Ekki eru fleiri dregnir í mál en nauðsynlegt er.

#### FORELDRAR/FORRÁÐAMENN

Umsjónarkennarar og náms- og starfsráðgjafi hafa gjarnan samband við foreldra/forráðamenn þegar áhyggjur vakna, hvort sem það er vegna náms, líðanar eða hegðunar. Foreldrar/forráðamenn nemenda undir 18 ára aldri geta óskað eftir upplýsingum um sitt barn. Við upplýsingagjöf er tekið tillit til trúnaðar og samþykkis unglingsins. Bæði í óformlegri og formlegri málsmeðferð eru nemendur hvattir til að treysta foreldrum/forráðamönnum sínum fyrir vandanum og nýta það stuðningsnet sem þau hafa heima fyrir. Það fer eftir eðli og alvarleika málsins hversu mikil áhersla er lögð á þetta og hversu mikið frumkvæði skólinn tekur.

Í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í framhaldsskólum kemur m.a. fram: Foreldrum ber að greina skólanum frá aðstæðum sem gætu haft áhrif á skólagöngu ungmenna þeirra. Foreldrum ber að vinna að lausn mála í samstarfi við skóla vegna brota ungmenna þeirra á skólareglum. Þeim ber ásamt ungmenni að taka þátt í meðferð máls.

Leitast skal við að hafa samstarf við foreldra/forráðamenn nemenda eldri en 18 ára að höfðu samráði við nemandann, um mál sem upp kunna að koma samkvæmt grein þessari.

#### **Gildistaka og endurskoðun**

**Áætlun þessi tekur gildi: 1. Maí 2024**

**Verðuð endurskoðuð: 1. Maí 2025**